

ar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 55/1895.

Ásmundur Sveinsson
fyrir hönd D. E. G. Brasch
gegn
Sigurði Briem
fyrir hönd Salomon Davidsen
og Guðmundi Ísleifssyni og
sýslumanni Sigurði Ólafssyni.

Dómur:

Hinn 27. marzmánaðar 1893 höfðaði hinn stefndi, Sigurður Briem, fyrir hönd Salomon Davidsen stórkaupmanns mál á hendur meðstefnda, Guðmundi Ísleifssyni, sem þá hafði verzlun á Eyrarbakka, fyrir gestarjetti Árnessýslu, til innheimtu á skuld Guðmundar til Salomon Davidsen að upphæð 6594 kr. 81 e., auk vaxta 6% á ári frá 1. jan. 1893. Mætti Guðmundur óstefndur fyrir gestarjettinum og kannaðist við skuldina, og var dómur uppkvedinn í sökinni samdægurs og Guðmundur dæmdur til að greiða Sigurði Briem fyrir hönd Salomon Davidsen alla skuldina eins og hann hafði krafizt hennar. Við dómsuppsögnina gat Guðmundur þess, að hann sæi fyrir, að sjer myndi verða ómögulegt að fullnægja dóminum að liðnum

fullnægingarfrestinum (3 sólarhringum), og þar sem það hefði sjerstakan kostnað í för með sjer, ef aðför yrði dregin, þar til er fresturinn væri liðinn, óskaði hann að aðför færi fram þegar í stað. Óskaði þá einnig dómhafinn (Sigurður Briem) að fógetinn gjörði fjárnám þegar í stað samkvæmt dóminum hjá Guðmundi, og var þá samstundis settur fógetarjettur og tekin fjárnámi ýms hús, skepnur, skip, verzlunarskuldir o. fl. tilheyrandi Guðmundi Ísleifssyni, sem virt var alls 7293 kr. 73 a., og var það álitid nægja fyrir allri skuldinni með vöxtum og málskostnaði. Síðan var 22. apríl eptir beiðni Sigurðar Briem haldið uppboð á hinum fjárnumdu munum, og seldust þeir á uppboðinu fyrir 6749 kr. Tveim dögum síðar, eða 24. apríl, seldi Guðmundur Ísleifsson bú sitt fram til skiptamedferðar sem þrotabú. Um sama leyti sem ofangreint fjárnám fór fram, sótti áfrýjandinn, kaupmaður í Hamborg D. E. G. Brasch, mál fyrir sjó- og verzlunarrjettinum í Kaupmannahöfn á hendur Guðmundi Ísleifssyni til lúkningar áfallinni skuld til hans að upphæð 5622 kr. 50 a., og var Guðmundi birt dómstefnan í málinu 4. apríl 1893, en dómur fjell í því máli 8. júní næsta eptir, og var Guðmundur dæmdur til að greiða Braschhina umstefndu upphæð ásamt vöxtum frá 28. nóv. 1892. Hefur nú Brasch álitid, að fyr umgetid fjárnám af hendi Sigurðar Briem fyrir hönd Salomon Davidsen, sem ljet Guðmund eptir að kalla eignalausan, hafi verið ólöglega framið og farið í bága við rjett sinn og annara skuldheimtumanna, og

hefur því Asmundur Sveinsson fyrir hans hönd áfrýjað því til yfirdómsins ásamt uppboðinu með stefnum, dags. 2. des. f. á. og 8. febr. þ. á., og að fengnu uppreistarleyfi, og hefur þess verið krafizt hjer fyrir rjettinum, að fjárnámsgjörðin og eptirfarandi nauðungaruppboð verði dæmt ómerkt og hinir stefndu Sigurður Briem fyrir hönd Salomon Davidsen og Guðmundur Ísleifsson skyldaðir til in solidum að skila aptur í þrotabú Guðmundar Ísleifssonar hinum fjárnumdu munum eða fullu andvirði þeirra eptir dómkvaddra manna mati skaðlaust fyrir búíð, og að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum allan málskostnað að skaðlausu. Af hálfu hinna stefndu hefur þess aptur á móti verið krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara, að hinir stefndu verði algjörlega sýknaðir af kærur og kröfum áfrýjandans og hann dæmður til að greiða þeim málskostnað allan með 100 kr.

Frávísunarkröfu sína hafa hinir stefndu byggt á því, að sjálfum hinum eiginlega fjárnámsbeiðanda, Salomon Davidsen, sje eigi stefnt í málinu, heldur að eins Sigurði Briem fyrir hans hönd, en Sigurður hafi að eins sem almennur umboðsmaður Davidsens stadið fyrir hinni áfrýjuðu aðför og sje þeirri umboðsmennsku nú fyrir löngu lokið, hann búinn að standa Davidsen öll skil á hinu innheimta fje o. s. frv. Umboð Sigurðar Briem til að innheimta hjer umrædda skuld fyrir Salomon Davidsen hefur nú að vísu eigi verið lagt fram fyrir yfirdóminum, en þar sem dómurinn, er fjárnám-

ið var gjört fyrir, hljóðaði upp á borgun til hans (fyrir hönd Salomon Davidsen) og eptir framkomu hans yfir höfuð að dæma við fjárnámsgjörðina og uppboðið, verður að álíta það lögum samkvæmt að honum hefur verið stefnt við áfrýjun þessara gjörða, og verður því frávísunarkröfunni eigi sinnt.

Þá hafa hinir stefndu tekið það fram, að áfrýjandinn, sem hefur lýst kröfu sinni, þeirri er fyrir er getið, í þrotabúi Guðmundar Ísleifssonar, hafi enga heimild frá þrotabúinu til að höfða þetta mál, en það sje sameiginlegt mál allra skuldheimtumanna Guðmundar Ísleifssonar, er lýst hafi kröfum í bú hans, eða þrotabúsins í heild sinni, hvort það vilji kollvarpa hinu framfarna fjárnámi og uppboðsgjörð. Á þessa skoðun verður yfirdómurinn að fallast, þar sem ráða verður af málinu, að þrotabúi Guðmundar Ísleifssonar sje enn þá undir skiptum, sbr. einnig grundvallarregluna í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti, 32. gr., og verður því að taka til greina kröfu hinna stefndu og dæma þá sýkna af kærnum og kröfum áfrýjandans í þessu máli. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu Sigurður Briem fyrir hönd Salomon Davidsen, Guðmundur Ísleifsson og sýslumaður Sigurður Ólafsson eiga að vera sýknir af kærnum og kröfum áfrýjanda Ásmundar

Sveinssonar fyrir hönd D. E. G. Brasch í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. júnímán.

Nr. 19/1896.

Rjettvísinn
gegn
Gísla Gíslasyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Barðastrandarsýslu 23. sept. 1895, var hinn ákærði, Gísli Gíslason, dæmdur fyrir þjófnað og ólögmeta meðferð á fundnum hlut til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með taldar 4 kr. í varnarlaun til talsmanns hans í hjerði, Björns Pjeturssonar.

Dómi þessum er að beiðni hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann, er hann var í kaupstaðarferð á Bíldudal laust fyrir jól 1893, tók úr opnum poka, sem stóð í fordyrinu fyrir framan sölubúð P. J. Thorsteinssons kaupmanns, nýtt vaðmálsvesti og hafði það heim með sjer og seldi það seinni hluta vetrar fyrir 1 krónu. Einnig er það sannað, að hann vorið 1894 tók úr fatahrúgu, er lá fyrir utan skúrinn við áðurnefnda sölubúð á Bíldudal, vaðmálstreyju; má álíta sannað, að þetta hafi verið sama treyjan, sem ákærði sá í